

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðluleikari

einleikstónleikar í Háteigskirkju, Reykjavík
sunnudaginn 30. október 2016
klukkan 20:00

Efnisskrá

- | | |
|------------------------------------|---|
| Johann Sebastian Bach
1685–1750 | <i>Sónata I</i> í g moll, BWV 1001
Adagio
Fuga, Allegro
Siciliana
Presto |
| Johann Sebastian Bach | <i>Partíta I</i> í h moll, BWV 1002
Allemanda
Double
Corrente
Double Presto
Sarabande
Double
Tempo di Borea
Double |
| Jónas Tómasson
f. 1946 | <i>Vetrartré</i>
góð tré
sorgmædd tré
óð tré
þögul ... |

Johann Sebastian Bach fæddist inn í þekktu tónlistarfjölskyldu í Eisenach árið 1685. Barnungur missti hann báða foreldra sína og ólst upp hjá elsta bróður sínum sem var organisti í Ohrdruf og stundaði þar tónlistarnám.

Árið 1708 var hann ráðinn sem organisti og síðar konsertmeistari við hirð Wilhelm Ernst greifa af Weimar og var þar til 1717 að hann réðst til starfa við hirð Leopolds prins af Anhalt-Cöthen. Eftir 6 ára veru þar flutti hann til Leipzig og gegndi stöðu kantors við Tómasarkirkjuna til dauðadags árið 1750.

Meðan Bach starfaði sem organisti í Weimar samdi hann mörg orgelverk og var þekktur og viðurkenndur sem orgelleikari. Í Cöthen hafði hann engum kirkjulegum skyldum að gegna, en bar hins vegar ábyrgð á öllum tónlistarflutningi við hirðina og samdi þá fjölda verka fyrir hin ýmsu hljóðfæri. Í Leipzig skóp hann bæði kirkjulega og veraldlega tónlist.

Einleiksverkin sex fyrir fiðlu, þrjár sönötur og þrjár partítur, samdi hann í Cöthen árið 1720, þá 35 ára gamall. Hann byggir þau á ríkjandi hefð þýsks fiðluskóla. Þær tilgátur eru uppi að hann hafi samið þau sem æfingar líkt og Paganini gerði síðar með Caprisur sínar. Ljóst er að Bach hefur þekkt fiðluna mjög vel og með sínu frjóa ímyndunarafli séð fyrir enn óuppgötvaða möguleika hljóðfærisins.

„Einleiksverk þessi hafa fylgt mér allar götur frá námsárum mínum hjá Birni heitnum Ólafssyni konsertmeistara, en ég var svo lánsöm að stunda nám hjá þessum frábæra tónlistarmanni. Björn áleit sönötur og partítur Bachs biblíu fiðluleikarans og mér eru þessi verk mjög hugstæð. Lærimeistari Björns var fiðluleikarinn Adolf Busch. Síðasti kennari minn Gerald Beal, sem numið hafði hjá Jascha Heifetz, opnaði nýjar leiðir að þessum tónsmíðum með frumlegum tæknilegum lausnum og tærri músíkalskri nálgun.“

Jónas Tómasson stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík, m.a. hjá þeim Jóni Þórarinssyni og Þorkatli Sigurbjörnssyni, en hélt síðan til framhaldsnáms í Amsterdam þar sem hann sótti tíma hjá Ton de Leeuw, Léon Orthel og Jos Kunst árin 1969–72. Jónas fluttist til Íslands árið 1973 og settist að á Ísafirði, þar sem hann hefur að mestu dvalið síðan. Þar

hefur hann látið að sér kveða á ýmsum sviðum tónlistarlífsins, m.a. sem kennari, flautuleikari og kórstjóri.

Tónsmíðarnar hafa þó ævinlega átt hug hans allan og síðustu árin hefur hann helgað sig þeim eingöngu. Jónas er afar mikilvirkt tónskáld og eftir hann liggur fjöldi verka af ólíkum toga. Jónas hefur nokkrum sinnum hlotið starfslaun listamanna og árið 2000 var hann útnefndur fyrsti bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar.

„Jónas Tómasson samdi Vetrartré fyrir mig vorið 1983, en þá hafði ég kennt tvo vetur á Ísafirði. Síðari veturinn var með afbrigðum snjópungur og þegar ég kvaddi Ísafjörð í júní með Vetrartrén í farteskinu voru enn fannir í garðinum hjá Jónasi og Siggu og var Jónas að hlúa að trjám og saga greinar sem brotnað höfðu undan fargi vetrarins.“

Hlíf Sigurjónsdóttir er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada. Haustið 2014 kom geisladiskurinn DIALOGUS út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðastliðið haust endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Hlíf hefur mikinn áhuga á klassískri tónlistarfræðslu og uppeldi og kennir einkanemendum héraendis og erlendis.